

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Margréti Halldórsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 6. júlí 2017
Mnr. 2017050042



ÍSAFJARÐARBÆR

Körfuboltavöllur á skólalóð GÍ

Á fundi íþróttá- og tómstundaneftndar þann 17. maí 2017 tók nefndin fyrir bréf frá unglíngaráði körfuknattleiksdeildar Vestra þar sem óskað var eftir því að skoðað verði að koma upp fullkomnum körfuknattleiksvelli við Grunnskólann á Ísafirði. Í bréfinu kom fram að fyrirtæki í bænum væri tilbúið til að leggja kr. 500.000 í völinn. Nefndin tók vel í erindið og óskaði eftir kostnaðaráætlun við gerð svona vallar frá umhverfis- og eignasviði. Umhverfis og eignarsvið hefur gert kostnaðaráætlun sem hljómar upp á um kr. 5.500.000, kostnaður Ísafjarðarbæjar verður því um kr. 5.000.000.

Skólalóð við Grunnskólann á Ísafirði var endurhönnuð árið 2014 (málsnúmer 2012030090), sjá hjá lagðar teikningu. Þar er teiknaður körfuboltavöllur við hlið sparkvallar, eða á sama stað og gamall völlur er í dag. Hægt hefur gengið að klára skólalóðina en það væri vissulega í áttina að fá völl sem þennan í ár og stefna að því að klára lóðina á næsta ári.

MH